

- Bright, James, R: 1958, *Automation and Management*, Harvard Business School, Boston.
- Burawoy, Michael: 1985, *The Politics of Production*. Verso, London.
- Cerr, Klark og fleiri: 1960, *Industrialism and Industrial Man*. Harvard University Press, Cambridge, Mass.
- Edwards, Richard: 1979, *Contested Terrain: The Transformation of the Workplace in the Twentieth Century*. Heinemann, London.
- Friedman, Andrew: 1977, *Industry and Labour*. Macmillan, London.
- Gorz, André: 1989, *Critique of Economic Reason*. Verso, London.
- Kern, Horst og Schumann, Michael: *Industriearbeit und Arbeiterbewußtsein*. Frankfurt 1973
- Kern, Horst og Schumann, Michael: 1987, „The Limits of the Division of Labour“, *Economic and Industrial Democracy*, Vol. 8, 151-170.
- Penn, Roger: 1986, „Where have all the craftsmen gone? Trends in Skilled Labour in the United States of America since 1940.“; *The British Journal of Sociology*, Vol. 37, No. 4, 569-580.
- Piore, Michael og Sabel, Charles: 1984, *The Second Industrial Divide*. Basic Books, New York.
- Thompson, Paul: 1983, *The Nature of Work*. Macmillan Press, London.
- Thompson, Paul og McHugh, David: 1990, *Work Organisations: A Critical Introduction*. Macmillan, London.
- Wood, Stephen; ritstj.: 1982, *The Degradation of Work?* Hutchinson, London.
- Wood, Stephen: 1989, „The transformation of work?“ *The Transformation of Work?: Skill, Flexibility and the Labour Process*. Unwin Hyman, London.
- Woodward, Joan: 1958, *Management and Technology*. HMSO, London.
- Þjóðhagsstofnun: 1991, *Arvinnuvegaskýrslur 1989* Reykjavík.

Hverjir eiga fiskinn?

Nokkrar hugleiðingar um siðfræði eignarréttarins

Inngangur

ÞAÐ ER HAFT FYRIR SATT að fiskurinn í sjónum sé sameign þjóðarinnar. Þetta er meira að segja bundið í lög, því í 1. grein laga númer 3 frá 1988 segir: „Fiskistofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar.“ Og í 1. grein laga númer 38 frá 1990 segir: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar.“ Af þessu álykta ýmsir að þjóðin eigi siðferðilegan rétt á leigu- eða arðgreiðslum frá útgerðarmönnum.

Viðfangsefni mitt er að rannsaka þessa ályktun. Í fyrsta hluta ætla ég að skoða forsendu hennar, sem er sú fullyrðing að fiskistofnarnir séu sameign þjóðarinnar. Í öðrum hluta mun ég fjalla almennt um eignarnám og eignarrétt á náttúrugæðum og skýra hvaða reglur eiga að gilda þar um. Í þriðja hluta fjalla ég svo um þá kenningu að þjóðinni beri réttur á leigu eða arði frá þeim sem nýta fiskistofnana og útskýri hvers vegna hún fær ekki staðist.

1. hluti: Eru fiskistofnarnir sameign þjóðarinnar?

Í bók sinni, *Eignarréttur* 1, segir prófessor Ólafur Lárusson að í eignarrétti felist yfirleitt: að eiganda sé heimilt að ráða yfir eign sinni og nota hana og ráðstafa henni með löggerningi; að eignir manna séu grundvöllur lánstrausts þeirra; að eigandi geti eftirlátið eignir sínar til erfingja sinna og leitað aðstoðar dómstóla og yfirvalda til verndar rétti sínum. (Ólafur Lárusson, bls. 11-12).

Sé sú fullyrðing að þjóðin eigi fiskistofnana skilin svo að hver einstaklingur eigi ofurlítið brot af þeim þá stangast hún á við þann lögfræðilega skilning á eignarrétti sem fram kemur í riti Ólafs. Lögum samkvæmt hef ég engan rétt til að ráða yfir, selja, leigja, veðsetja eða eftirláta erfingjum mínum óveiddan fisk.

En hvað er þá meint með því að fiskurinn sé sameign þjóðarinnar? Ef til vill að hann sé eign ríkisins, eins og til dæmis Sem-entsverksmiðjan á Akranesi. Svo virðist sem ritstjórn *Morgunblaðsins* leggi þennan skilning í lögin frá 1988 og 1990 því í for-
stugrein 23. maí 1992 segir:

Í nýútkomnu riti, Eignaskrá ríkisins 1991 sem fjármálaráðuneytið hefur gefið út, kemur fram að íslenska ríkið er helsti fasteignaeigandinn hér á landi og landsmenn stóreignamenn í sameiningu [. . .] Engum dettur í hug að þessar eignir geti gengið kaupum og sölum milli einstakra aðila í landinu því þær eru sameign þjóðarinnar nákvæmlega eins og fiskimiðin.

Sé þessi skilningur Morgunblaðsmanna réttur þá er tvennt til. Annars vegar má hugsa sér að fiskistofnarnir hafi um lengri tíma verið ríkiseign og lögin frá 1988 geri ekki annað en að binda rétt ríkisins fastmælum. Hins vegar kemur til greina að fiskurinn hafi ekki orðið ríkiseign fyrr en 1988 og stofnarnir hafi verið þjóðnýttir með setningu laganna. Mér virðist hvorugur kosturinn koma til greina. Í því sem á eftir fer mun ég skýra hvers vegna hæpið er að telja að fiskistofnarnir hafi verið ríkiseign fyrir 1988. Nú læt ég duga að benda á að það er í meira lagi undarlegt ef helsta auðlind landsins hefur verið þjóðnýtt óviljandi, því svo virðist sem ekkert slíkt hafi vakað fyrir þingmönnum þegar þeir settu þessi lög. Auk þess má efast um rétt ríkisins til svo stórfelldrar eignaupptöku ef aðrir áttu fiskinn, eða að minnsta kosti rétt til að veiða hann, fyrir 1988.

En ef einstaklingar eiga ekki hver sinn hluta af miðunum og þau eru ekki heldur eign ríkisins hvað er þá átt við með því að þau séu sameign þjóðarinnar? Mér virðist að minnsta kosti þrenns konar skilningur koma til greina. Áður en ég skýri nánar hvað ég á við ætla ég að staldra aðeins við fjölkynngi sagnarinnar „að eiga“ og samsvarandi nafnorðs.

Í daglegu tali er til dæmis sagt: „Siggi litli á afa og ömmu í sveitinni“, „Ég á mér draum“ og „Íslendingar eiga sér meira en þúsund ára sögu.“ Í þessum þrem dæmum er sögnin að eiga notuð á fullkomlega eðlilegan hátt án þess að um eignarrétt sé að ræða. Að minnsta kosti er ljóst að þó einhver græði á þjóðarsög-

unni, t.d. með því að skrifa bók um hana, þá ber þjóðinni ekki neitt frekari hlutdeild í þeim gróða heldur en hagnaði af hverju öðru sem er.

Í sumum tilvikum er ekki eins ljóst hvort verið er að tala um eignarrétt. Sem dæmi má taka setningarnar: „Tungnamenn eiga afrétt á Kili“, „Formenn svæðisfélaga eiga rétt til setu á aðalfundi“ og „Andrúmsloftið er sameign allra jarðarbúa.“ Hér er verið að tala um rétt til að njóta einhverra gæða án þess að um eignarrétt í skilningi Ólafs Lárussonar sé að ræða.

Setninguna: „Tungnamenn eiga afrétt á Kili“ er eðlilegast að skilja svo að bændur í Biskupstungum megi einir manna beita fé sínu á tiltekið svæði. Með þessu er ekki sagt að þeir eigi þetta svæði, heldur aðeins að þeir hafi rétt til að nota það á þennan hátt. Einhverjir aðrir gætu svo haft rétt til að tína fjallagrös þar.

Svipað má segja um setninguna: „Andrúmsloftið er sameign allra jarðarbúa.“ Ef hún þýðir eitthvað þá þýðir hún trúlega að allir jarðarbúar hafi rétt til að draga andann en ekki að hver sá sem græðir peninga á andrúmsloftinu, t.d. með því að framleiða köfnunarefnisáburð úr því, þurfi að greiða öllum jarðarbúum leigu eða arð.

Þessi dæmi sýna að þótt mönnum sé tamt að segja að fiskistofnar séu sameign þjóðarinnar, og það kunni jafnvel að vera satt í einhverjum skilningi, þá þarf alls ekki að vera um eiginlegan eignarrétt að ræða. Eitt af því sem menn gætu meint með þessari fullyrðingu er að allir Íslendingar hafi rétt til að veiða á miðunum; þau séu eins og andrúmsloftið, gæði sem enginn hefur eignarrétt yfir en allir mega nota. Þessi skilningur væri freistandi ef ekki kæmi til að það mega aðeins sumir stunda veiðar.

En til skamms tíma máttu allir veiða sem vildu. Þeir sem segja að fiskarnir séu sameign þjóðarinnar meina því ef til vill að það hafi verið siðferðilega rangt að svipta fólk þessum rétti án þess að borga því einhverjar bætur. Hver Íslendingur ætti því annað hvort að halda rétti til veiða eða fá gjald fyrir að láta hann af hendi.

Eins og ég kem að í þriðja hluta er fullyrðingin ósönn ef hún er skilin svona. Auk þess er hæpið að af þessum skilningi leiði að

öllum beri hlutur af hagnaði útgerðarinnar, því meðan miðin voru enn opin öllum þá höfðu þeir sem ekki sóttu sjó engan rétt á slíkum hlut og það er hæpið að meirihluti þjóðarinnar geti eignast tilkall til hans með því einu að banna sér veiðar. Þetta má skýra með hliðstæðu. Væri afréttum Tungnamanna lokað fyrir öllum nema fáeinum bændum þá hefðu þeir bændur sem væru flæmdir burt ef til vill rétt á skaðabótum, en varla gætu þeir krafist tíundar af tekjum hinna. Aðrir íbúar, sem ekki stunduðu fjárbúskap, hefðu alls engan slíkan rétt þótt möguleikar þeirra á að stofna bú væru ef til vill skertir.

Annar mögulegur skilningur fullyrðingarinnar að fiskistofnarnir séu sameign þjóðarinnar er sá að Alþingi hafi lögsögu yfir þeim en löggjafasamkundur annarra þjóða ekki. Í þeim skilningi er fullyrðingin vissulega sönn. [En af þessu leiðir ekkert um að hver maður eigi rétt á hlut af arði útgerðarinnar.]

Ef til vill hugsa einhverjir sem svo að fyrst Alþingi hefur lögsögu yfir miðunum þá eigi ríkið þau. Þetta er rangt. Alþingi hefur lögsögu yfir öllu landinu og þar með lóðum og jörðum sem einstaklingar eiga. Það getur sett lög sem skilgreina eignarrétt, þar með talinn eignarrétt yfir fiskimiðum, afréttum og almenningum jafnt sem þeim hlutum sem þegar eru í einkaeign. Lögsaga yfir Kili felur ekki í sér að ríkið megi beita sínum rollum í Hvítárnesi.

Þriðja leiðin til að skilja fullyrðinguna um að fiskistofnarnir séu sameign þjóðarinnar er að líta svo á að miðin tilheyri þjóðinni á svipaðan hátt og blámi fjallanna: Þau séu ekki eiginleg eign en gegni svipuðu hlutverki fyrir sjálfsvitund fólks og eignir gera gjarna. Þessi skilningur á ef til vill rétt á sér. Það er ekkert óeðlilegt að segja: „Þetta er landið okkar“ og meina landið allt. Engum dettur í hug að sá sem svona talar geri tilkall til eignarréttar yfir öllu landinu. Því skyldu menn þá ekki mega segja: „Þetta er hafið okkar“ og meina landgrunnið allt. Vart þarf að taka það fram að af þessum skilningi leiðir nákvæmlega ekkert um rétt á hlutdeild í útgerðargróða.

Um þennan skilning og þann að Alþingi hafi lögsögu yfir fiskimiðunum hef ég ekki meira að segja. Enda hygg ég að þeir sem krefjast þess að útgerðin greiði sér leigu eða arð byggi rök

sín á fyrstnefndu meiningunni þótt þeir styðjist við hinar tvær til þess að gera mál sitt sennilegra og gefa því hljómgrunn í tilfinningum fólks.

En skyldi þetta vera merking laganna frá 1988 og 1990? Mér þykir ekki trúlegt að ákvæði þeirra um sameign þjóðarinnar á fiskistofnum hafi neina ákveðna merkingu. Sennilega er ástæða þessa ákvæðis sú að löggjafinn telur óheppilegt að fiskistofnarnir verði eins og hver önnur markaðsvara sem gengur kaupum og sölum, erfist frá foreldrum til barna og safnast á fáar hendur eða margar eftir atvikum. Alltént er hæpið að þessi lög þýði að fiskistofnarnir séu ríkiseign eða sameign allra Íslendinga í skilningi eignarréttar.

2. hluti: Eignarnám á náttúrugæðum

Um upphaf eignarréttar segir prófessor Ólafur Lárusson:

Að lögum eiga allar eignir að lokum upptök sín annaðhvort í því, sem nefnt er *nám eða taka* (occupatio) eða í því, sem kallað er *framleiðsla* í þrengri merkingu. En taka eða nám er það, ef maður tekur undir umráð sín hlut eða annað verðmæti, sem ekki var áður háð eignarrétti eða að minnsta kosti ekki þá er háð eignarrétti, eða ákveður með öðrum hætti, með einhliða athöfn sinni, að slíkur hlutur eða slíkt verðmæti skuli framvegis tilheyra sér. Framleiðsla í lagalegri merkingu er það, ef maður breytir hlut, efni eða öðru verðmæti þannig, að úr því verður nýr hlutur eða nýtt verk.

Til annars hvors af þessu eiga allar eignir rót sína að rekja. Jafnvel hinar svonefndu abströktu eignir, fjármagnið, verða að síðustu til þessa annars hvors raktar, þótt oft séu þær þaðan komnar óbeinlínis og gegnum marga milliliði.

(Ólafur Lárusson, bls. 81)

Sé sú kenning um upphaf eignarréttar, sem hér er rakin, rétt, eins og ég geri ráð fyrir, þá hlýtur eignarréttur á náttúrugæðum, hvort sem um er að ræða einkaeign, sameign margra eða ríkiseign, að verða til fyrir nám eða töku.

En mönnum leyfist ekki að taka sér hvaða náttúrugæði sem þá listir. Nám eða taka hlýtur að lúta einhverjum reglum, siðferði-

legum eða lagalegum. Áður en ég fjalla um hverjar þessar reglur eru, eða ættu að vera, skulum við líta á dæmi um réttmætt og óréttmætt eignarnám.

Þegar norskir sæfarar komu hér að ónumdu landi þá eignuðu þeir sér jarðir. Þeir veiddu fiska og töldu sig með réttu eiga aflann. Þetta tvennt ætti að vera óhætt að taka til dæmis um réttmætt eignarnám, að minnsta kosti ef landnámsjarðirnar voru ekki óhóflega stórar.

En hefði fyrsti landnámsmaðurinn þóst eigna sér allt landið þá hefðu aðrir með réttu haft tilkall hans að engu. Og hefði hann ekki aðeins þóst eiga þann afla sem hann dró heldur líka allan óveiddan fisk í hafinu kringum landið þá hefðu aðrir sem best mátt láta sér þá kröfu í léttu rúmi liggja. Þetta tvennt má því taka sem dæmi um óréttmætt eignarnám.

En hvar liggja mörkin? Einhver frægasta tilraun sem gerð hefur verið til að svara því, og draga mörk réttmæts eignarnáms, er í *Ritgerð um ríkisvald* eftir enska heimspekinginn John Locke (1632-1704). Kenning hans er í stuttu máli á þá leið að til þess að eignast náttúrugæði þurfi menn að:

1. Bæta þau eða blanda þau með vinnu sinni (Locke 25-9) og
2. Gæta þess að láta þau ekki skemmast heldur nota þau á einhvern hátt. (Locke 31, 37 og 46)

Auk þessara tveggja skilyrða minnst Locke á það þriðja, án þess að gera sér neinn mat úr því. Þetta þriðja skilyrði er að:

3. Gæta þess að taka ekki meira en svo að nóg sé eftir af jafngóðum hlutum fyrir aðra. (Locke 27)

Þessar reglur eru að vísu dálítið óljósar eins og Locke setur þær fram. Það er til dæmis erfitt að átta sig á hvað það er að blanda hlut með vinnu sinni. En sé kaflinn um eignarrétt í *Ritgerð um ríkisvald* lesinn í heild kemur í ljós að með reglum 1 og 2 á Locke einfaldlega við að menn eignist hluti með því að nota þá eða vinna við þá á einhvern þann hátt sem talist getur undirbúningur undir notkun.

Þessi kenning Lockes kemur heim og saman við dæmin af landnámsmönnum. Til þess að eignast jörð þurftu þeir ekki annað að gera en að hefja búskap á henni og til þess að eignast fisk dugði þeim að veiða hann. Þeir eignuðust náttúrugæði með því einu að nýta þau eða vinna við þau á einhvern þann hátt sem talist gat undirbúningur undir notkun. En tilkall til að eiga allt landið eða allan fiskinn í sjónum hefði verið óréttmætt því með slíkri kröfu hefja menn hvorki nýtingu þessara hluta né vinna við þá á neinn þann hátt sem talist getur undirbúningur undir notkun.

Þriðja regla Lockes, sem segir að menn megi ekki eigna sér meira en svo að jafngott sé eftir handa öðrum, virðist líka sennileg, því að jafnaði er rangt að skerða kjör annarra. Þessi regla krefst þó nánari útfærslu því eins og hún stendur virðist hún til dæmis banna fyrsta landnámsmanninum að eigna sér bestu jörðina. Hún virðist líka útiloka að síðasti skiki landsins sé numinn, því sá sem það gerir skilur ekkert eftir handa öðrum. En þótt þessi regla geti ekki staðið óbreytt þá hlýtur hún að vera eitthvað í áttina því eignarnám sem skerðir kjör annarra getur tæplega verið réttmætt. Vandinn er að skýra hvað það þýðir, í þessu sambandi, að skerða kjör annarra. Hvernig ber að skilja þá reglu að menn megi ekki skerða kjör annarra með eignarnámi sínu?

Hún getur ekki þýtt að bannað sé að skerða möguleika annarra til eignarnáms eða fækka þeim kostum sem aðrir hafa um að velja því reglu sem bannar þetta bannar allt landnám og allt eignarnám þar sem ekki er af óendanlega miklu að taka.

Hún getur ekki heldur þýtt að bannað sé að útiloka aðra frá að koma fram réttmætri ætlun sinni eða eigna sér eitthvað sem þeir hafa hug á. Til að skýra þetta skulum við taka sem dæmi að tveir menn leiti að sama hlut, til dæmis gullskipi. Sá heppni sem finnur hann á undan útilokar að hinn komi ætlun sinni fram. En þetta bannar honum ekki að eigna sér hlutinn.

Þessar tvær niðurstöður má draga saman í eina, nefnilega þá að reglan geti ekki bannað mönnum að skerða möguleika annarra á að bæta kjör sín seinna heldur hljóti hún aðeins að banna þeim að skerða kjör annarra frá því sem er eða útiloka þá frá því sem þeir hafa þá þegar.

Fyrstur
kemur
fyrstur
þegar?

Á grundvelli þessara raka má orða endurbætta útgáfu af kenningu Lockes um eignarnám svona:

1. *Menn eignast náttúrugæði með því að nota þau eða vinna við þau á einhverjum hátt sem talist getur undirbúningur undir notkun, að því tilskildu að*
2. *þeir skerði hvorki kjör annarra frá því sem er né útiloki þá frá því sem þeir hafa þá þegar.*

Þetta eru siðferðileg skilyrði þess að maður öðlist eignarrétt á náttúrugæðum. Við raunverulegar aðstæður gilda yfirleitt einhverjar reglur að auki um hvernig eignarnám skuli kunngjört og hver mörk eignarréttarins skuli vera. Þessar reglur geta skyldað menn til að girða landnám sitt af, teyma kúr í kringum það eða tilkynna það til yfirvalda eftir því sem lög og siðir kveða á um.

Það er vissulega erfitt að sanna að þetta sé rétt kenning. Hún er aðeins tilgáta. Samt er hún engan veginn úr lausu lofti gripin því hún er bæði sennileg og byggð á forsendum sem hafa verið ræddar og gagnrýndar í næstum 300 ár. Meðan engin dæmi finnast sem hrekja hana og engin önnur kenning kemur fram sem er að minnsta kosti jafn trúleg held ég að best sé að hafa þessa fyrir satt. Þó er skylt að taka fram að til að hægt sé að byggja lagasetningu á þessari kenningu þarf að bæta við hana varnögglum sem hindra að nýting náttúruauðlinda rýri um of möguleika komandi kynslóða.

*

Þar sem menn nota auðlindir án þess að skerða með því kjör annarra, skapa þeir sér rétt til áframhaldandi notkunar, nema lög kveði sérstaklega á um annað. Sem dæmi má taka að landnámsmaður sem hefur búskap, slær engi og rekur fé í haga skapar sér rétt til að nýta landið. Ef aðrir reyndu að hindra hann á einhverjum hátt, tækju til dæmis að beita sínum kindum á engin eða spilla haglendinu þá þætti mönnum það frekja og yfirgangur.

Þetta er stundum orðað svo að hefðin skapi rétt. Sá sem byrjar fyrstur að nota auðlindina hefur forgang. Svona réttur til nýting-

ar náttúrugæða þarf ekki að jafngilda eignarrétti á landi. Það getur vel farið saman að einn maður eigi til dæmis rétt á að beita þar fé, en aðrir hafi rétt til að höggva þar skóg. Réttur Tungnabænda til að beita fé í Hvítárnesi útilokar ekki að aðrir megi tjalda þar næturlangt án þess að spyrja þá leyfis. Svipaða sögu má segja um ýmsa aðra auðlindanotkun. Víða hafa bændur veiðiréttindi í ám en þessi réttur jafngildir ekki eignarrétti yfir ánum. Aðrir geta til dæmis tekið drykkjarvatn úr þeim án þeirra leyfis. Veiðirétturinn er aðeins réttur til tiltekinnar notkunar.

En hvenær verður svona réttur til notkunar að svo víðtækum einkaeignarrétti að mönnum leyfist að útiloka aðra frá því að nýta sömu auðlind? Hvað þarf til að landnámsmaður megi girða jörð sína af og banna öðrum umferð um hana? Hvaða skilyrði þarf silungsveiði í vatni að uppfylla til að veiðiréttarhafi megi banna öðrum umferð um vatnið? Undir hvaða kringumstæðum mega bændur sem beita fé á úthaga banna öðrum að reisa þar sumarbústaði?

Gildandi reglur um þessi efni hafa mótast á ótal vegu af hefð, samningum og lagasetningu. Ég held þó að hægt sé að benda á eina meginhugsun sem fangar það besta í þessum reglum og orða siðferðileg viðmið um hvað telja má sanngjarnt.

Þeir sem eiga hefðbundinn rétt á að nýta beutiland á afréttum eiga yfirleitt ekkert með að banna öðrum að ganga þar um með bakpoka og slá upp tjaldi yfir nótt. En bændur hafa samt fullan rétt til að banna fólki að tjalda á túninu hjá sér. Þetta er vegna þess að það er vandræðalaust að beita fé á afrétt þótt fáeinir göngugarpar fari þar um en það er illmögulegt að heyja tún sem jafnframt er tjaldstæði. Reglurnar takmarka umgang að því marki sem þarf til að bændurnir geti nýtt landið á þann hátt sem þeir eiga hefðbundinn rétt til.

Fyrir á öldum datt líklega engum í hug að banna umferð um jarðir sínar því það var engin hætt á að hún kæmi í veg fyrir eðlilegar landnytjar. Nú til dags er sjálfsagt að takmarka umferð um bújarðir og beutilönd því annars væru einhverjir vísir til að riðlast þar um á jeppum og spilla gróðri.

Þetta held ég að sé almenna reglan. Þegar menn hafa skapað sér hefðbundinn rétt til nýtingar einhverra náttúrugæða þá mega

þeir banna öll umsvif á staðnum sem hindra að þeir geti notið réttar síns. Réttur til að nýta einhverja auðlind verður að rétti til að útiloka aðra frá henni þegar ekki er lengur hægt að nýta hana með öðru móti.

Nú á tímum geta einstaklingar að vísu ekki sjálfir sett reglur um þessi efni, nema að litlu leyti, heldur er þeim skipað að lögum. En rétturinn er til samt sem áður. Hlutverk laganna er að binda hann fastmælum.

3. hluti: Á þjóðin rétt á leigu eða arði frá útgerðinni?

Af því sem fram hefur komið um rétt manna til eignarnáms er ljóst að þeir sem hafa nýtt fiskistofna við Ísland, án þess að skerða með því kjör annarra, þeir hafa rétt til að gera það áfram. Það er því hæpið að líta á fiskistofnana sem ríkiseign, nema þeir hafi verið þjóðnýttir með lögunum frá 1988. Rétturinn til að nýta þá er í eigu einstaklinga og þeir eiga heimtingu á að lögin verndi þennan rétt. Ennfremur er eðlilegt að aðrir séu útilokaðir frá miðunum að því marki sem nauðsynlegt er til að þeir sem hafa veiðirétt geti nýtt sér hann.

Fram á þessa öld var engin nauðsyn að takmarka aðgang að miðunum. Þau voru ekki fullnumin fyrir en með tilkomu nútímataekni.

Á árunum í kringum 900 höfðu allir rétt til að eigna sér jörð hér á landi. En þar kom að land var fullnumið. Þetta gerðist á fyrstu 60 árum byggðar ef marka má Ara fróða. Eftir það þurftu þeir sem vildu eignast hér land að kaupa það. Möguleikar þeirra voru orðnir minni en samt hafði enginn gert á hlut þeirra. Landnámið skerti ekki á neinn hátt kjör þeirra sem eftir sátu í Noregi þótt það fækkaði möguleikum þeirra.

Nú, undir lok tuttugustu aldar, má heita að fiskimiðin séu fullnumin. Þetta eignarnám, ef svo má kalla það, hefur alls ekki skert kjör þeirra sem sinna öðru en sjósókn heldur þvert á móti bætt þau til mikilla muna. En það hefur á vissan hátt skert möguleika þeirra því þeir sem vilja hefja veiðar úr þessu verða að kaupa

sér heimild til þess, rétt eins og þeir sem voru of seinir til að nema hér land urðu að kaupa sér það.

Sú kenning að hver Íslendingur ætti annað hvort að halda rétti til veiða eða fá gjald fyrir að láta hann af hendi er engu sennilegri en að hver Norðmaður á 10. öld hafi annað hvort átt að halda rétti til að nema hér land eða fá gjald fyrir að láta hann af hendi.

Ég tel mig nú hafa sýnt fram á að engin siðfræðileg rök séu fyrir þeirri kenningu að öllum Íslendingum beri réttur á leigu eða arði frá útgerðinni. Hitt er raunar miklu nær sanni að það sé réttlætismál að tryggja rétt sjómanna og útgerðarmanna á fiskimiðunum. Með þessu er vitaskuld ekki útilokað að einhver önnur rök, hagfræðileg eða pólitísk, mæli með því að leggja meiri skatta á útgerðina en gert er. Það er ekki mitt að dæma um það.

Af þessu skyldi enginn draga þá ályktun að núverandi kvótakerfi sé réttlátt. Mér finnst trúlegt að sjómenn sem róa upp á hlut eigi hefðbundinn rétt til veiða og því hefðu lögin átt að tryggja þeim kvóta ekki síður en eigendum útgerðarfyrirtækja.

*

Helsta hlutverk löggjafa í réttarríki er að binda rétt þegnanna fastmælum svo ekki fari á milli mála hver hann er og þeir geti verið öruggir um að njóta hans. Vissulega veita lögin mönnum oft ný réttindi. Um þetta er gott eitt að segja en það má ekki glepja menn til að halda að löggjafinn geti útdeilt réttindum algerlega að vild. Honum ber siðfræðileg skylda til að virða þann rétt sem skapast hefur í samfélaginu og setja lög til varnar honum.

Lög um fiskveiðistjórnun eiga að skýra og verja rétt þeirra sem stunda fiskveiðar. Þetta hygg ég að sé best gert með því að veita þeim sem hafa stundað veiðar rétt til að halda þeirri iðju sinni áfram hér eftir sem hingað til.

Í júní 1992,

Atli Harðarson

Heimildir:

Locke, John: *Ritgerð um ríkisvald*, íslensk þýðing Atla Harðarsonar, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1986.

Ólafur Lárusson: *Eignarréttur* 1, Hlaðbúð, Reykjavík 1950.